

FRUMSAGA MANNKYNS OG FRAMSAGA

I

Tiltakanlega gott var erindi það, sem V. Þ. G. flutti í útvarpið í kvöld (18. okt.) um nokkrar nýjustu frumsögurannsóknir. Þyrfti slíkt erindi að endurtaka. Er mér grunur á að vandfundinn mundi slíkur maður á sínu sviði sem V. Þ. G., jafnvel þó að leitað væri við hin stærri útvörp.

Það sem mig langar til að vekja eftirtekt á í sambandi við erindi þetta, er hraðaaukningin í framfarasögu mannkynsins; framfarirnar hafa verið meiri síðustu hundrað árin en á hundruðum árapúsunda frumsögunnar. En hitt þó fullkomlega ljóst, að hér á jörðu hefir ekki verið um sanna framfarastefnu að ræða, heldur stefnu hinnar vaxandi þjáningar. Aldrei hafa í sögu mannkynsins, á einum mannsaldri, eins margir verið drepnir eða meiddir eða dáíð úr hungri og þennan síðasta, aldrei verið eins mikið til af óánægju, kvíða og kvöl. Nauðsyn stefnubreytingar er því auðsæ, nauðsyn þess, að horfið verði frá helstefnunni, sem svo mætti nefna, og á leið sannra framfara.

II

Það mun verða eins og árróði dags, sem aldrei mun enda taka og verður því fegri sem lengra líður, ef sú breyting tekst. Og ég hygg að hún muni takast, af því að glögglega hefir verið séð fram á hvernig hún gæti orðið. En ill tíðindi eigum vér í vændum meðan dráttur verður á að sú breyting hefjist. Og ef menn vilja gæta að, munu þeir sjá, að rás viðburðanna hefir mjög orðið á þá leið sem ég hefi sagt að verða mundi. En takist breytingin ekki, þarf að vísu ekki að kvíða því að mannkynið eigi mjög langa sögu framundan. Þegar ég fyrir

rúmum 20 árum vakti fyrst máls á nauðsyn slíkrar stefnu-
breytingar, þá varð útundan hjá mér sú hliðin sem að jarð-
fræðinni snýr. En mér hefir síðan orðið ljóst, að til meiri tíð-
inda dregur nú í jarðsögu hnattar vors en orðið hafa um ekki
allfáar þúsundir ára undanfarið. Það mætti jafnvel segja, að
bylting sé í aðsigi, þó að hægt fari ennþá, hjá því sem verða
mundi síðar. Hér á landi er farin að verða mjög greinileg sú
breyting, sem er að verða á loftslaginu, og ýmsar afleiðingar
hennar. Snjólinan er að færast upp og jökklarnir bráð-
minnka, en jurtagróður eykst að því skapi. Stórfróðlegar eru
einnig breytingarnar sem eru að verða á dýralífinu við
strendur landsins. Loftslagsbreytingin er eins og tilraun til
að færa landið suður á við og gera það byggilegra. En svo
eru önnur tíðindi mjög ískyggileg. Á ég þar við jarðskjálft-
ana fyrir norðan í sumar, því að þar lifnuðu við jarðsprung-
ur, sem að mestu höfðu hvílt sig um þúsundir ára, og engin
ástæða virtist til að vænta sér ills af nú. Mundi landið fljótt
verða óbyggilegt ef nokkurt framhald yrði til muna í þá átt,
því að miklar og stórkostlegar eru sprungurnar í öllu bergi
landsins, þó að á flestum þeirra hafi lengi verið kyrrð. Og
eitthvað svipað þessu er mjög víða um allan hnöttinn og er
óhætt að segja það, að ef ekki tekst að hverfa frá Helstefn-
unni, þá munu menn farast í jarðbyltingum milljónum
saman, og síðustu leifar mannkynsins líklega verða horfnar
af jörðunni áður aðrar 19 aldir væru liðnar. En takist breyt-
ingin, þá þarf ekki að hræðast. Mannkyn, sem komið er á
réttu leið, mun stýra eldgosum, stöðva jarðskjálfta og laga
til fjöllin eftir því, sem fegurst þykir og hentugast. Það mun
vinna þessi stórvirki með tilstyrk guðanna, er gersamlega
hafa náð tökum á öflum hnattanna, sem þeir byggja.

III

Mannkyn framtíðarinnar mun sækja fram einhuga, og
öllum verða ljóst hvert stefna ber. Oss virðist sem von er,
býsna löng þróunarleið lífsins frá hinum örsmáu fyrstlingum
(prótistum), forfeðrum mannkynsins fyrir 1000 milljónum
ára, og hingað, sem vér nú erum; en þó er þessi óralanga leið

aðeins örlítill kafli vegarins alls. Takmarkið er fullkomin samstilling alls lífs í alheimi til fullkominnar stjórnar á öllum öflum tilverunnar.

Hversu lengi á enn að dragast, að hafin verði stefnubreyting. Og hversvegna vilja menn biða ennþá verri tíðinda, en þeirra, sem þegar eru orðin?

Tuttugu ár eru liðin síðan mannkynið með stýrjöldinni miklu tók spor í alveg öfuga átt, og ætla mætti að ekki þyrfti enn að verða löng bið á því, að úr verði bætt. En þó er margt til fyrirstöðu. Og versta fyrirstaðan er sú, að menn eru á Helvegi svo ófúsir á að taka sannleikanum eins og rétt er, en meta meir hégóma, lygi og villu.

27. okt. 1934.